

139. löggjafarþing 2010–2011.
Þskj. 1906 — 726. mál.

Breytingartillaga

við frv. til sveitarstjórnarlaga.

Frá Lilju Mósesdóttur og Sigurði Inga Jóhannssyni.

2. og 3. mgr. 64. gr. falli brott.

Greinargerð.

Lagt er til að 64. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að aðeins standi eftir fyrsta máls- grein hennar. Henni samkvæmt ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum.